

Nd.

230. Frumvarp

til laga um veðurathuganastöð í Reykjavík.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Veðurathuganastöð skal sett á stofn í Reykjavík eða þar í nánd.

2. gr.

Stöðin skal rannsaka veðráttu og veðrabrigði að því er Ísland varðar, svo sem föng eru á, og gefa daglega út skýrslu um það, hverra veðra sje von.

3. gr.

Fastir starfsmenn skulu vera tveir, forstjóri og aðstoðarmaður. Ákveður stjórnarráðið laun þeirra.

Forstjóri skal skyldur að flytja nokkra fyrirlestra við háskóla Íslands skólaár hvert um almenna veðurfræði og veðráttu á Íslandi.

4. gr.

Forstjóri skal með ráði landssjórnar fá gerðar veðurathuganir þar er þurfa þykir á landi voru; skulu þaðan veðurskýrslur sendar daglega, eða á þann hátt, sem forstjóri semur um. Veður-athugana-áhöld til stöðva þessara leggur landssjóður fram og greiðir þóknun fyrir starfann.

5. gr.

Í öllum verstöðum landsins, er hafa hraðskeytasamband, kaupstöðum og kaupúnum, skal setja viðvörunarstöðvar, er birti daglegar veðurskýrslur stöðvarinnar í Reykjavík, og gefi glögg merki þegar snöggra veðrabrigða er von. Landssjóður kostar áhöld þau, er til þarf, en sveitarsjóðir eða bæjarsjóðir greiða þóknun fyrir starfann.

6. gr.

Stjórnarráðið ákveður nánara með reglugerð alt það, er við vikur athuganastöðinni í Reykjavík, sambandi hennar við aðrar stöðvar og um stofnsetning og um fyrirkomulag viðvörunarstöðva.

7. gr.

Veðurathuganastöðin sje stofnsett svo fljótt, sem við verður komið.

Á s t æ ð u r :

Veðurathuganastöðvar eru fyrir löngu settar á stofn í öllum menningar-

löndum heims nema Íslandi. Þörfin þó engu minni hjer en annarstaðar, heldur jafnvel meiri, sakir þess, hve atvinna landsmanna er veðráttunni háð. Ef veðráttu landsins væri vísindalega rannsókuð og athuganastöðvar settar á ýmsum stöðum, einkum á útjöðrum landsins, mundi oft mega segja fyrir veður með nokkrum fyrirvara og vara við snöggum felliveðrum, sem oft gera hinn mesta skaða. Mundi mega bjarga eignum með þeim hætti, svo að tugum þúsunda næmi, og forða mörgu manslífinu.

En er á það að líta, að ekki er annað samboðið virðing þjóðarinnar en haldið sje uppi í landinu svo sjálfsögðum og mikilvægum vísindarannsóknum, sem hjer er um að ræða.